

Brexit og sjávarútvegur

Nú eru liðnir rétt um fimm mánuðir frá því að Bretar tóku þá ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu að ganga úr Evrópusambandinu. Frá þeim tíma hefur sá dagur varla liðið nema fjölmiðlar hafi velt upp ýmsum hliðum þessa máls og eins og eðlilegt má teljast hefur megináherslan verið á því hvernig hvaða áhrif þessi ákvörðun hafi á hagsmuni Bretlands en einnig á það hvernig Evrópusamstarfinu muni í framtíðinni reiða af án Bretlands.

Ákvörðunin mun hins vegar hafa áhrif víða um lönd og ekki síst á Íslandi. Þegar Bretar segja skilið við ESB segja þeir sig um leið sig lausa frá samningsskuldbindingum Evrópusambandsins. Meginþungi allra okkar viðskipta og samskipta við Bretland hvílir á samningum við Evrópusambandið og þar vegur að sjálfsögðu samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði þýngst. Það má rifja upp í þessu samhengi að það voru Bretar sem gáfu þessu samstarfi nafnið sem það gengur undir í dag. European Economic Area. Á frönsku var nafnið Espace Economique européen, á þýsku Europaeischer Wirtschaftsraum og í upphafi var gert ráð fyrir enska nafninu European Economic Space. Bretum fannst hins vegar þetta nafn heldur innantómt og létu breyta Space í Area. Þegar við bætist að áætlun ESB um Innri markað, sem var hvatinn að því að gengið var til samninga um EES, komst til framkvæmda undir stjórn Bretans Lord Cockfield, má segja að hinir eiginlegu guðfeður EES gangi nú frá borði. Yfir vítt svið evrópskrar samvinnu verður missir af því fyrir Ísland að hafa Breta ekki lengur innan borðs.

Eins ég mun koma að síðar er enn mjög margt óráðið um það hvernig Bretar muni haga sínu samstarfi við aðrar þjóðir eftir að þeir hafa yfirgefið ESB. Útgangspunktur þar verður væntanlega hvaða fyrirkomulag verður fyrir valinu gagnvart þeim ESB ríkjum sem eftir sitja. Það hefur margoft komið fram af hálfu Teresu May forsætisráðherra að Brexit þýðir Brexit en eftir sem áður erum við litlu nær um það nákvæmlega hvar Bretland hyggst staðsetja sig á breiðu sviði sem nær frá því sem næst fullri aðild að innri markaði til venjulegs fríverslunarsamnings. Það er þó ljóst út frá þeim yfirlýsingum sem þegar hafa verið gefnar að landamæraeftirlit verður eflt og hömlur verða settar á réttindi annarra ESB borgara til búsetu, dvalar og staðfestu í Bretlandi. Einnig mun

Bretland segja sig undan úrskurðum Evrópudómstólsins og eftirliti Framkvæmdastjórnar ESB. Ekki verður því um samræmda framkvæmd sameiginlegra reglna að ræða svo stefnan er fremur tekin á fríverslunarsvæði fremur en fullkominn innri markað.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi Bretlands sem markaðs fyrir íslenskar sjávarafurðir. Bretland er efst á blaði mikilvægra viðskiptavina, um 11 prósent útflutnings fer þangað og þegar kemur að sjávarafurðum er hlutfallið heldur hærra eða um 18 % heildarverðmætis sjávarafurða, um 48 milljarðar íslenskra króna. Ef við tökum þorskinn út fyrir sviga þá fer 21 % þorskafurða á Bretlandsmarkað. Fátt er breskara en fish and chips og þorskurinn sem þar er seldur kemur yfirgnæfandi frá Íslandsmiðum eða Barentshafi. (Það kom til orðaskaks um daginn milli Boris Johnsons utanríkisráðherra Bretlands og utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu Carlo Calenda þar em Boris hafði sagt að Ítalir þyrftu að tryggja sinn markað fyrir prosecco en Ítalinn svaraði því til að Bretar þyrftu að huga að fish and chips). Ísland kemst varla á blað þegar rætt er á almennum nótum um helstu viðskiptalönd Bretlands en þegar að sjávarafurðum kemur erum slær okkur enginn við. Við erum hlutfallslega sterkari á Bretlandsmarkaði en í ESB sem heild, erum efst á Bretlandi en á eftir Noregi , Kína og Ekvador á ESB markaði. Óhætt er að reikna með því að við munum eiga bandamenn og vini á Bretlandseyjum meðal þeirra sem versla með sjávarafurðir. Þeir munu ekki vilja raska eða skerða viðskipti sem hafa verið öllum til hagsbóta. Á hitt ber einnig að líta að hlutfallslegt vægi sjávarútvegs í Bretlandi er ekki ýkja hátt og það er opin spurning hvaða tillit tekið verður til sjávarútvegs í forgangs röðun stjórnvalda. Það er helst á svonefndu Humberside svæði við Grimsby og Hull þar sem okkar gömlu keppinautar eru orðnir okkar bestu vinir.

En hvaða áhrif mun úrsögn Bretlands hafa á viðskipti með sjávarafurðir? Einnig þar mun mikið fara eftir því hvernig Bretar vinna að sínum málum en hér á eftir mun ég fara yfir stöðuna hvað varðar tolla, heilbrigðiseftirlit og gagnkvæma viðurkenningu vottana og prófa, starfsaðstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í Bretlandi, uppstokkun sjávarútvegsstefnu Breta, mögulegar kröfur á hendur nágrannaríkjum um fiskveiðiréttindi, verkaskipting landsvæða innan stóra

Bretlands þegar kemur að fiskveiðum, ekki síst staða Skotlands samgöngur og almennt viðskiptaumhverfi.

Ísland hefur samið um vildarkjör fyrir flestar sjávarafurðir á Evrópumarkað með fríverslunarsamningi frá 1972, með EES samningnum og einnig koma til tollkvótar á ýmsar afurðir. Eftir að úrsögn Breta hefur tekið gildi, sem gæti orðið mánaðamótin mars-apríl 2019, falla niður öll vildarkjör í viðskiptum Bretlands og Íslands, sem samið hefur verið um við ESB, nema við höfum þá náð samkomulagi um annað við Bretland. Bretar hafa enn ekki gefið skýrt hvernig tollskrá þeirra verður háttað en langlíklegast er talið að þegar þeir semja sig aftur inn í Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, taki gildi sem upphafspunktur almenn ytri tollskrá ESB. Þetta þýðir t.d. að þorskur frá Íslandi sem nú nýtur tollfrelsis færi í 12 % tollflokk, ýsa sem einnig nýtur tollfrelsis færi í 7,5 %, lýsingur færi frá 4,5 % í 15 % toll, grálúða færi frá 0 % í 7,5 % toll og svo mætti lengi telja. Það gefur auga leið að þetta hefði mjög neikvæð áhrif á stöðu íslenskra sjávarafurða á breskum markaði sem nú þegar liður fyrir nýlegar gengisbreytingar. Það hefur verið sagt að veiking breska pundsins, sem kom í kjölfar fréttu um yfirvofandi Brexit hefði kostað íslenska útflytjendur tíu milljarða íslenskra króna.

Ég vil ekki mála skráttann á vegginn og halda því fram að þetta sé óhjákvæmilegt. Bresk stjórnvöld hafa lýst yfir fullum vilja að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hindra það að nýjar viðskiptahindranir rísi í kjölfar Brexit og vilja raunar vera málsvavar viðskiptafrelsis á alþjóðavettvangi. Það breytir hins vegar ekki því að góður vilji dugir ekki til, það þarf samninga til og reynslan sýnir að það tekur tíma að ganga frá þeim. Bretar þurfa ekki aðeins að semja við sína gömlu félagan innan ESB heldur einnig við viðskiptavinum um allan heim. Í þessu samhengi eru tvö ár stuttur tími og alls óvíst hvað tekst að semja um innan þessa frests. Bretar hafa í meira en fjóra áratugi falið Framkvæmdastjórn ESB samningsumboð og rekstur viðskiptasamninga við umheiminn. Þau ráðuneyti sem að þessum málum koma eru í óða önn við það að ráða inn nýtt fólk til að sinna þessum verkefnum. Þau munu hafa í nógu að snúast og ekki liggur heldur fyrir hver forgangsroðunin verður nema hvað megináherslan verður væntanlega á ESB ríkin og nýlega eftir forsetakosningarnar hafa líkur á því að Bandaríkin væru tilleiðanleg til þess að

semja beint við Bretland aukist. Einnig hafa stjórnvöld í London gefið til kynna áhuga á að efla tengsl við samveldislöndin. Einnig hefur verið rætt um stóru ríkin sem hafa haslað sér völl á undanförunum árum svo sem Kína, Indland og Brasilía. Yfirlýsingar hafa verið gefnar um undirbúning fríverslunar við Tyrkland. Staðan verður enn flóknari fyrir þá sök að formlega séð hafa stjórnvöld í London ekki umboð til viðskiptasamninga á meðan þau teljast til ESB og það varir til mars-apríl 2019. Þegar viðskiptaráðuneyti Bretlands og Noregs hittast í desember heitir það samtal um framtíðarsamskipti, ekki samningaviðræður.

Þó tollar skipti vissulega máli og geti torvelað viðskipti er ekki síður mikilvægt að koma í veg fyrir aðrar mögulegar viðskiptahindranir. Eins og er er íslenskt heilbrigðis og gæðaeftirlit tekið gilt í Bretlandi og byggist það á EES samningum. Samsvarandi samninga þarf til við Bretland ef íslensku sjávarafurðaútflutningur á ekki að lenda í óþarfa töfum á landamærum. Eins og er fer verulegur hluti íslensks ferskfisksútflutnings til Frakklands gegnum Immingham. Ef ekki næst að semja um eftirlitsviðurkenningu við Bretland þarf að endurskipuleggja flutningaleiðir beint til t.d. Boulogne sur Mer.

Nokkur íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl á breskum markaði, stunda vinnslu og versla bæði með sjávarafurðir Íslandi sem og annars staðar frá. Þar má nefna t.d. Icelandi Seachill á vegum Icelandic Group en það fyrirtæki hefur umtalsverð umsvif í sölu kældra sjávarafurða á smásölumarkaði, 260 milljón punda veltu og 1400 manns í vinnu. Markaðshlutdeild er talin um 15%. Einnig má nefna að Samherji hefur allnokkur ítök í útgerð og fisksölu á Bretlandseyjum. Skráning þessara fyrirtækja í Bretlandi ætti að tryggja stöðu þeirra en ekki er loku fyrir það skotið að ýmislegt verði flóknara, t.d. þegar kemur að mögulegum flutningum starfsmanna, ráðningum manna að heiman eða annarra samskipta við móðurfélög á Íslandi.

Það má gera ráð fyrir því að allmargir aðilar í breskum sjávarútvegi hafi greitt Brexit atkvæði sitt og má rekja það til megnrar óánægju með sameiginlega fiskveiðistefnu ESB. Utan ESB munu Bretar hafa svigrúm til þess að móta sína eigin sjávarútvegsstefnu og hefur þegar orðið vart við að þeir vilja ekki síst líta til Íslands og Noregs við þá vinnu. Það verður hins vegar ekki auðvelt verkefni að semja sig út úr núverandi kerfi og eitthvað mun hafa borið á því að í

umræðunni um Brexit hafi verið vaktar væntingar um auknar fiskveiðiheimildir sem erfitt getur verið að uppfylla. Það hefur tekið langan tíma að fá hljómgrunn fyrir íslensk sjónarmið hjá ESB t.d. þegar kemur að hlutdeild í makrílstofni. Þegar bresk stjórnvöld taka sér sæti í NEAFC og NAFO til að ræðu deilistofna, líkast til í mjög svo náinni samvinnu við stjórnina í Edinborg, getur þurft að hefja það ferli að nýju gagnvart nýjum viðmælendum.

Starfsemi flugfélaga og lendingarréttindi heyra undir Evrópusamninga og einnig þar munum við þurf að semja að nýju við Bretland til að halda þeim réttindum sem við nú höfum. Þetta á ekki aðeins við um farþegaflug heldur einnig um vöruflutninga, en ferskfiskflutningar með flugi hafa farið vaxandi á undanförunum árum.

Samstarf í rannsóknum og þróun milli Bretlands og Íslands hefur að mestu leyti fallið undir áætlanir ESB og verið fjármagnað þaðan. Æskilegt væri að finna slíku samstarfi annan heppilegan farveg.

Hverra kosta á Ísland völ þegar kemur að því að semja um og skipuleggja framtíðarsamskipti Íslands og Bretlands? Við gætum bundið vonir við það að þegar ESB ríkin hafa samið við Bretland væri okkur boðinn aðgangur að þeim pakka og aðkoma að samningaviðræðum. Vissulega má leiða rök að því að Ísland, Noregur og Liechtenstein eigi kröfu á sérmeðferð en gallinn er sá að erfitt að finna fordæmi fyrir slíku, engin loforð liggja fyrir af hálfu ESB eða Bretlands og ákveðin tregða hefur ríkt innan ESB að blanda ríkjum utan þess í samningaviðræður. Einnig er erfitt að hugsa sér að þessi ríki haldi sér til hlés og bíði aðgerðalaus meðan ESB og Bretland semja. Fríverslunarsamningur með sérákvæðum um helstu hagsmunamál gæti verið æskileg lending og gæti slíkur samningur annað hvort verið hreinn tvíhliða samningur eða í samstarfi EFTA ríkja eða EFTA/EES ríkja. Þó samningaviðræður yrðu heldur flóknari í samstarfi væri staðan sterkari og líkur á því að komst ofar í forgangsröð meiri.

Við munum fylggjast grannt með því hvernig umræðan þróast í Bretlandi á næstu vikum og mánuðum, hvernig afstaðan þróast um hlutdeild í einstökum þáttum innri markaðar. Um leið munum við halda áfram okkar eigin hagsmunagreiningu og skoðun á því hvernig við getum haldið sem mestu af því sem við teljum eftirsóknarvert í EES samstarfi í framtíðarsamstarfi okkar við

Bretland. Við höfum meira en tvö ár til stefnu áður en nokkuð breytist en okkur veitir ekki af þeim tíma.